



27. stjórnarfundur LH
6. apríl 2022 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Logi Haraldsson og Hákon Hákonarson úr aðalstjórn, Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Forföll boðuðu: Siguroddur Pétursson og Lilja Björk Reynisdóttir

Fjarverandi: Einar Gíslason og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 26. fundar

2. Tillaga um að víkja fulltrúa HÍDÍ úr keppnisnefnd – Erindi frá Ómari Inga Ómarssyni

Erindi hefur borist frá Ómari Inga Ómarssyni, varamanni í stjórn LH og nefndarmanni í keppnisnefnd LH, sem fer þess á leit við stjórn LH að fulltrúa HÍDÍ í keppnisnefnd verði vikið úr nefndinni vegna samstarfsörðugleika.

Afgreiðsla: Erindinu vísað til keppnisnefndar til úrlausnar. Formanni nefndarinnar falið að beita sér fyrir því að ná sáttum í störfum nefndarinnar í ljósi þeirrar umræðu sem skapst hefur um störf ákveðins nefndarmanns.

3. Beiðni um undanþágu frá reglugerð um Íslandsmót – erindi frá Hmf. Geysi

Hestamannafélagið Geysir sem mun halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2022, óskar eftir undanþágu frá ákvæði í reglu 5.1 í lögum LH um Íslandsmót, „mótið skal hefjast á fimmtudegi og ljúka á sunnudegi“. Geysir vill byrja mótið á miðvikudegi og enda á sunnudegi svo dagskráin verði ekki of þétt og þung. Fordæmi er fyrir þessu þar sem Íslandsmót 2021 byrjaði á miðvikudegi.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Skýrsla starfshóps ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni

Starfshópurinn hefur skilað skýrslu þar sem eru gerðar tillögur að ýmsum aðgerðum. Til að kynna niðurstöður vinnuhópsins og næstu skref verður boðað til Teams-fundar með sambandsaðilum föstudaginn 8. apríl kl. 15.

Óskað er eftir umsögn eða ábendingum frá sambandsaðilum við þær tillögur sem fjallað er um í skýrslunni og annað sem tengist málefnum eigi síða en miðvikudaginn 13. apríl.

Afgreiðsla: Stjórn lýsir yfir vonbrigðum með niðurstöður þessarar skýrslu, telur að starfshópnum hafi mistekist að uppfylla ályktun Íþróttapings og ekki staðið undir þeim væntingum sem bornar voru til vinnu nefndarinnar.

5. Samningur um markaðsverkefni til kynningar á íslenska hestinum – Horses of Iceland

Áframhaldandi samningur um verkefnið Horses of Iceland var undirritaður 25. mars sl. Samningurinn gildir til 21. desember 2025. Aðilar að samningnum eru Matvælaráðuneytið, Íslandsstofa, Landssamband hestamannafélaga, Félag hrossabænda/deild hrossabænda í BÍ og Félag



tamningamanna. LH skuldbindur sig til að greiða kr. 3.000.000 á ári til verkefnisins með fyrirvara um samþykki landsþings LH.

Afgreiðsla: Til bóknar. Verkefnastjóra og fulltrúa LH boðið að kynna stöðu verkefnisins á næsta stjórnarfund.

6. Samkomulag um gerð og útfærslur reiðstíga með stofn- og tengivegum

Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga skrifuðu þann 6. apríl undir samkomulag um gerð og útfærslur reiðstíga með stofn- og tengivegum sem lagðir eru bundnu slitlagi. Samkomulagið felur í sér að Vegagerðin skuldbindur sig til að gera reiðfært meðfram vegi þegar lagt er bundið slitlag á malarveg sem nýst hefur sem reiðstígur og er sem slíkur í gildandi skipulagi sveitarfélags. Samkomulagið kemur í stað samkomulags sem gert var fyrir hartnær 40 árum.

Samhliða undirritun samkomulagsins gefur Vegagerðin og reiðveganefnd LH út endurgerðar leiðbeiningar um reiðstíga: Reiðstígar - gerð og uppbygging. Í leiðbeiningum kemur fram allt það er snýr að gerð reiðstíga og hvernig þeir skulu útfærðir miðað við aðstæður hverju sinni.

Afgreiðsla: Til bóknar.

9. Önnur mál

a. *Fundarferð stjórnar*

Fundarferð hefur gengið vel og góðar og gagnlegar umræður átt sér stað á fundunum.

b. *Fundur með Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra*

Formaður og ritari stjórnar hittu ráðherra á fundi. Til umræðu var hvernig ráðuneytið gæti náð betur utan um umfang hestamennskunnar og hagræna stærð hestamennskunnar í íslensku samfélagi.

d. *Ráðstefnan Farsælt samfélag fyrir alla – tækifæri barna og ungmenna í íþróttastarfi*

Ráðstefnan fjallar um íþróttaiðkun fatlaðra og verður haldin 7. apríl. Á ráðstefnunni verður leitast við að koma auga á þær áskoranir sem íþróttahreyfingin stendur frammi fyrir þannig að veita megi öllum börnum jöfn tækifæri til íþróttaiðkunar.

e. Íþróttamaður ársins – hóf ÍSÍ þar sem íþróttafólk ársins hjá sérsamböndum er veitt viðurkenning verður haldið 8. apríl, eftir að hafa verið frestað vegna COVID.

Fundi slitið kl. 21.52